

Byggðasamlagið Oddi bs.

Gjaldskrá fyrir þjónustu 2022

Leikskólar:

Vistunargjald fyrir hverja klst kr. 2.124

Mánaðargjald 8 tíma vistun kr. 16.992

Hádegismatur kr. 5.897

Morgunverður kr. 2.073

Síðdegishressing kr. 2.073

Mánaðargjald fyrir 8 tíma vistun m. fæði kr. 27.036

Skóladagheimili:

Mánaðargjald 4 dagar: 5.079

Mánaðargjald 5 dagar: 9.019

Skólamötuneyti:

Gjald pr. máltíð kr. 418

Mánaðargjald m.v. 4 daga í viku kr. 7.225

Mánaðargjald m.v. 5 daga í viku kr. 9.033

Starfsmenn gjald pr. máltíð kr. 593

Hádegisverður pr. skipti selt út 1.568

Kaffikostnaður pr. skipti selt út 1.568

Bókasöfn:

Árgjald á heimili 1.500

B. Gjaldskrárreglur, afslættir og álag fyrir þjónustuna

Leikskólar:

- Lágmarksvistunartími er 4 klst á dag.
- Álag á vistunargjald umfram 8 klst er 20%
- Gjald fyrir börn í aðlögun er það sama og dvalargjald.

Veittir eru afslættir af vistunargjöldum sem hér segir:

- Systkinaafsláttur er 50% af vistunargjaldi.
- Einstæðir foreldrar 15%
- Foreldrar í fullu námi 15%
- Foreldri öryrki 15%

Afslættir reiknast eingöngu af vistunargjöldum og hver greiðandi getur einungis fengið afslátt skv. einum af ofangreindum afsláttarliðum.

Systkinaafsláttur reiknast alltaf af lágsta gjaldi.

Ekki eru veittir afslættir af mat og hressingu og ekki er dregið frá fæðiskostnaði vegna tilfallandi fjarveru úr skólanum sem varir skemur en viku samfellt.

Til að öðlast rétt til afsláttar þarf að framvísa eftirtöldum viðurkenndum vottorðum/staðfestingum:

Einstæðir foreldrar framvísa vottorði um fjölskylduhagi frá Þjóðskrá, sem sækja má á skrifstofu Rangárþings ytra á Suðurlandsvegi 1 á Hellu. Vottorðinu skal skila til leikskólastjóra í upphafi hvers skólaárs (september) að öðrum kosti fellur afsláttur niður.

Foreldrar í námi skila staðfestingu á skólavist í upphafi skólaárs. Aðeins er veittur afsláttur ef foreldri er í fullu námi. Fullt nám er skilgreint með sama hætti og Lánasjóður íslenskra námsmanna gerir (þ.e. 60 ECTS einingar á önn).

Innheimt er lægra gjald frá þeim degi sem vottorði er skilað til leikskólastjóra. Afsláttur er ekki veittur afturvirkkt.

Álag er reiknað á vistunargjöld sem hér segir:

- Greitt er sérstaklega fyrir vistun umfram umsaminn vistunartíma (barn kemur fyrir eða er sótt seinna). Er þá greitt vistunargjald með 20% álagi per klst. (nú 2.124+20%=2.549). En að lágmarki er greitt fyrir ¼ klst. (nú 2.549/4=637 kr.)
- Aukagjald ef barn er sótt of seint er samsvarandi gjaldi fyrir ¼ klst (nú 637 kr) í hvert skipti.
- Fyrir börn með lögheimili í öðrum sveitarfélögum en aðildarsveitarfélögum Odda bs greiðist skv. viðmiðunargjaldskrá Sambands Íslenskra Sveitarfélaga.

Skóladagheimili:

- Skóladagheimilið er starfrækt frá 15-16 mánudaga-fimmtudaga og 12-16 föstudaga.
- Systkinaafsláttur er 50% af vistunargjaldi fyrir annað barn, 90% af vistunargjaldi fyrir þriðja barn og 100% fyrir fjórða barn eða fleiri.
- Síðdegishressing er innifalin í gjaldinu.
- Heimilt er að innheimta 4 klst aukalega ef barn er sótt of seint.

Skólamötuneyti:

- Gjald fyrir skólamötuneyti er innheimt hjá foreldrum þeirra nemenda sem nýta þjónustu mötuneytisins fyrir hvern dag sem skólinn starfar skv. stundaskrá.
- Ekki er dregið frá vegna tilfallandi fjarveru úr skólanum sem varir skemur en viku samfelld. Ef um lengri fjarveru er að ræða, vegna veikinda eða annarra orsaka, skal framvísa vottorði um það og verður gjaldið þá fellt niður fyrir þann tíma.

Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2022.